

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA


607. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. júlí 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Málefni skólabúða.
2. Bréf Guðmundar Erlendssonar dags. 9. júlí 2009
3. Bréf Sólrúnar G. Rafnsdóttur og Mikaela Þórs Björnssonar dags. 15. júlí 2009
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.
5. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra
6. Fundargerð SSNV.
7. Ályktun stjórnar SSNV vegna þjóðlendu­krafna
8. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 17. 07.2009
9. Umsóknir í Húna­sjóð.

### Afgreiðslur:

1. Karl Örvarsson og Halldóra Árnadóttir eru mætt á fundinn til viðræðna um rekstur skólabúðanna að Reykjum. Byggðarráð samþykkir að húsaleiga Reyk­jatanga ehf vegna skólabúðanna verði óbreytt frá 1. maí 2008 til 1. maí 2010, gjald nemenda verður einnig óbreytt næsta skólaár. Karl og Halldóra fara fram á að í samræmi við ákvæði í samningi um rekstur skólabúðanna verði 4. gr. samningsins tekin til endurskoðunar. Byggðarráð samþykkir að taka 4 gr. samningsins til endurskoðunar og óskar eftir umsögn fagnefndar um rekstur skólabúðanna að Reykjum um greinina.
2. Lagt fram bréf Guðmundar Erlendssonar dags. 9. júlí 2009, þar sem hann svarar bréfi frá sveitarstjóra dags. 25. júní s.l. um framkvæmdir við Syðri Hvammsá í Kirkjuhvammi.
3. Lagt fram bréf Sólrúnar Guðfinnu Rafnsdóttur og Mikaela Þórs Björnssonar dags. 15. júlí 2009 varðandi reglur um afslætti á vistunargjöldum í leikskólanum. Samkv. reglum Húnaþings vestra um systkinaafslátt á vistunargjaldi í leikskóla þegar þrjú systkini eru á sama tíma í leikskónaum greiðir yngsta barn fullt gjald næsta yngsta barn fær 30% afslátt af vistunargjaldi og elsta barnið fær 100% afslátt af vistunargjaldi óháð aldri.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 23.06.2009.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 25.júní 2009.
6. Lögð fram til kynningar fundargerð SSNV frá 30. júní 2009.
7. Lögð fram til kynningar ályktun stjórnar SSNV vegna þjóðlendu­krafna. Byggðarráð tekur undir ályktun stjórnar SSNV.
8. Lagt fram bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 17.07.2009 um lýðræðismál í sveitarfélögum og málþing sem haldið verður í Skriðu 19. ágúst n.k. Byggðarráð hvetur sveitarstjórnarmenn og aðra sem áhuga hafa til að fara á þingið.
9. Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húna­sjóði. Átta umsóknir bærust sem allar uppfylla skilyrði um úthlutun styrks. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húna­sjóði árið 2009: Helgu Vilhjálmsdóttur, Hjördísi Ósk Óskarsdóttur, Jóni



Árna Bjarnasyni, Katharinu Ruppel, Sólveigu H. Benjamínsdóttur, Stelli G. Ellertsdóttur, Sveinbjörgu Pétursdóttur og Vilhelm Vilhelmssyni. Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000 Afhending styrkjanna fer fram mánudaginn 10. ágúst kl 16:00.

Samþykkt að næsti fundur byggðarráðs verði mánudaginn 10. ágúst n.k.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:10

*Ólafur F. Guðmundsson*  
*Guðrún Þórunn Þórunn*  
*Stefan Þór Þórsson*  
*Eudhrún Ragnarsdóttir*

Áheyrnarfulltrúi

*Ólafur Sigurðsson*